




## AÐALSKIPULAG SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR 2010-2030

Skipulags- og matslýsing

Stækkun á hafnarsvæði Seyðisfjarðar og nýtt deiliskipulag.

Breyting á deiliskipulagi Fjarðarhafnar, Pálshúsreits og Öldunnar

**08.12.2022**





## UPPLÝSINGAR

---

### SKJALALYKILL

---

8776-004-03-GRG-001-V02

### HÖFUNDUR

---

Kamma Dögg Gísladóttir

### RÝNT

---

Ingibjörg Sveinsdóttir

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
1.1 Skipulags- og matslýsing	4
FORSENDUR	4
2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir	4
2.2 Tillögur ráðgjafanefndar um færslu húsa á Seyðisfirði, maí 2021	5
2.3 Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.3.2 Gildandi aðalskipulag	7
2.3.3 Deiliskipulag	8
2.3.4 Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða	8
2.3.5 Viðmiðunarreglur um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó	8
2.4 Hættumat	9
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	9
BREYTING Á DEILISKIPULAGI	10
NÝTT DEILISKIPULAG	10
MATSLÝSING	11
6.1 Umhverfispættir og viðmið	11
6.2 Valkostir	12
KYNNING OG SAMRÁÐ	12
7.1 Drög að skipulagsferli	12
7.2 Umsagnaraðilar	13

## MYNDASKRÁ

Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðis sýnd með rauðri brotalínu.	5
Mynd 2. Tillaga ráðgjafanefndar um færslu á Hafnargötu 11.	6
Mynd 3. Tillaga ráðgjafanefndar um færslu á Angró/Hafnargötu 37.	6
Mynd 4. Gildandi Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030, þéttbýlisuppdráttur. Rauði ramminn sýnir það svæði sem að aðalskipulagsbreytingin nær yfir.	7
Mynd 5. Hættumatslínur úr endurskoðuðu hættumati árið 2019.	9
Mynd 6. Hættumatslínur úr endurskoðuðu hættumati frá 2021.	9
Mynd 7. Núgildandi deiliskipulag hafnarsvæðis - Fjarðarhöfn, Pálhúsreitur og Aldan. Rauðu rammarnir sýna þá hluta svæðis sem breytingin nær til.	10

## INNGANGUR

Múlaping áformar að endurskoða skipulag á hluta hafnarsvæðis á Seyðisfirði vegna breyttra forsendna og þróunar á hafnarsvæðinu. Áformað er að stækka hafnarsvæðið með því að lengja hafnarkantinn við Strandarbakka, færa núverandi smábátahöfn og skapa meira landrými með landfyllingu fyrir ýmis konar hafnsækna starfsemi, með tilliti til náttúruvár á svæðinu. Einnig er áformað að skilgreina lóð utan um Tækniminjasafn Austurlands við Lónið og staðsetja lóð undir skólphreinsistöð. Gera þarf ráð fyrir greiðum árfarvegi Búðarár neðan Hafnargötu. Stækkun hafnarinnar kallar á aðalskipulagsbreytingu, samhliða verður gerð breyting á deiliskipulagi fyrir Fjarðarhöfn, Pálshús og Ölduna og nýtt deiliskipulag fyrir hluta hafnarsvæðisins.

Megin markmið þessarar skipulagsvinnu er að auka athafnarými hafnarinnar með greiðu aðgengi að hafnarkanti og tryggja öruggt athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi til framtíðar.

### 1.1 Skipulags- og matslýsing

Hér er um að ræða sameiginlega skipulags- og matslýsingu fyrir:

- Breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Breytingu á deiliskipulagi fyrir Fjarðarhöfn, Pálshúsreit og Ölduna, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Nýtt deiliskipulag fyrir hluta hafnarsvæðis á Seyðisfirði, skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli og hvernig staðið verði að umhverfismati.

## FORSENDUR

Meginforsendur fyrir því að verið sé að endurskoða hafnarsvæðið á Seyðisfirði er að núverandi hafnarsvæðið í sunnanverðum firðinum er að stórum hluta á hættusvæði C vegna ofanflóða og að ekki er hægt að verja þau að fullu með varnarmannvirkjum. Á því svæði eru stór sjávarútvegsfyrirtæki, frystihús og fiskimjölverksmiðja, auk smærri fyrirtækja. Það þarf því að skipuleggja nýtt hafnarsvæði þar sem öryggi fyrir hafnsækna starfsemi er tryggt til frambúðar.

### 2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Seyðisfjörður liggur inn í Seyðisfjarðarflóa frá austri til vesturs og beygir til suðurs innst, þar sem kaupstaðurinn er fyrir botni fjarðarins. Undirlendi er fremur lítið inn í botninum en út með firði er það talsvert meira. Fjörðurinn er umgirtur háum fjöllum sem eru hæst um 1100 metrar. Frá náttúrunnar hendi er hafnaraðstaðan á Seyðisfirði einstök og hefur hún gert Seyðisfjörð að mikilvægri samgönguæð

allt frá árinu 1901 til dagsins í dag, einkum vegna nálægðarinnar við meginland Evrópu. Norræna, eina farþega- og bílaferjan sem siglir milli Íslands og Evrópu kemur vikulega til Seyðisfjarðar.

Skipulagssvæðið er um 5 ha að stærð og er sunnan megin í Seyðisfirði, norðan við núverandi hafnar- aðstöðu Norræna (sjá mynd 1), sem er að öllu leyti á landfyllingu. Svæðið afmarkast af Ferjuleiru í suðri og Hafnargötu í austri og þaðan um lóðarmörk Hafnargötu 25. Innan svæðisins er árfarvegur Búðarár, smábátahöfn, fráveitulagnir/útrás, flotbryggja og þrjár byggingar:

- Hafnargata 11/Gamla ríkið – byggt árið 1918 fyrir verslunarrekstur.
- Hafnargata 15 – byggt árið 1992 og er björgunarsveitarhús fyrir Björgunarsveitina Ísólf.
- Hafnargata 25/Þórshamar – byggt árið 1886 og er notuð sem vinnustofa, við húsið stendur trébryggja.




Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðis sýnd með rauðri brotalínu.

## 2.2 Tillögur ráðgjafanefndar um færslu húsa á Seyðisfirði, maí 2021

Í kjölfar skriðufalla á Seyðisfirði í desember 2020 lagði Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings fram tillögu um að ráðgjafanefnd yrði sett á laggirnar til þess að fjalla um færslu húsa utan Búðarár. Ráðgjafanefndin skilaði tillögu að færslu eða ábendingar um færslu á 14 húsum, þar á meðal Hafnargötu 11 og 25.

Ábending/tillaga frá nefndinni er eftirfarandi:

- Hafnargata 11: Lagt er til að Gamla ríkið verði áfram á sínum stað við Hafnargötu 11 en fært til í lóðinni, 3 metrar fram að smábátahöfn (frá götunni) og húsbreidd sína til hliðar nær húsi björgunarsveitarinnar. Að öðru leiti verði endurbygging samkvæmt samningi við Fjársýslu ríkisins og Minjavernd.



Mynd 2. Tillaga ráðgjafanefndar um færslu á Hafnargötu 11.

- Hafnargata 25: Húsið er í einkaeign og því ekki á færi nefndarinnar að koma með tillögu um færslu hússins.
- Hafnargata 37: Eigandi er Hafnarsjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar. Lagt er til að endurbyggja Angró og flytja það yfir á nýtt safnasvæði Tækniminjasafns og endurbyggja þar sem safnhús ásamt áfastri bryggju.<sup>1</sup>



Mynd 3. Tillaga ráðgjafanefndar um færslu á Angró/Hafnargötu 37.

## 2.3 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf ásamt gæðum hins byggð umhverfis. Einnig að við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftlagsbreytinga. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og verður horft til við gerð þessara skipulagsáætlana:

„3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga.

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna*

<sup>1</sup> Ráðgjafanefnd vegna eldri húsa á hættusvæðum á Seyðisfirði(2020). Tillögur Ráðgjafanefndar.

*hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“*

### *„3.3.2 Heilnæmt umhverfi.*


*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“*

### *„3.4.1 Öflugir innviðir.*

*Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“*

## 2.3.2 Gildandi aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030, staðfest 22.12.2010. Þar er skipulagssvæðið að mestu skilgreint sem hafnarsvæði en einnig að hluta til iðnaðarsvæði, athafnasvæði, blönduð landnotkun fyrir íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Á lóðum við Hafnargötu 11 og 25 er skilgreint hverfisverndarsvæði - H1 Miðbær Seyðisfjarðarkaupstaðar. Markmið hverfisverndar er að skapa miðbæ Seyðisfjarðar heilsteypta bæjarmynd sem byggir á andrúmslofti liðins tíma með verndun sögulegra húsa og götumynda að leiðarljósi. Með hverfisvernd er stefnt að því að vernda þau hús sem hafa sögulegt og fagurfræðilegt gildi, færa önnur í fyrra horf og leyfa við- og nýbyggingar þar sem aðstæður leyfa með ströngum skilyrðum sem uppfylla markmið hverfisverndar.



Mynd 4. Gildandi Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030, þéttbýlisuppráttur. Rauði ramminn sýnir það svæði sem að aðalskipulagsbreytingin nær yfir.

### 2.3.3 Deiliskipulag

Á hluta svæðisins er í gildi deiliskipulagið *Fjarðarhöfn, Pálshúsreitir og Aldan*, samþykkt 16.03.2016. Gera þarf breytingu á deiliskipulagi í samræmi við áform um uppbyggingu á hafnarsvæðinu og á Tækniminjasafni Austurlands.

### 2.3.4 Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða

Skv. reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða kemur eftirfarandi fram um skipulag byggðar á áður byggðum ofanflóðahættusvæðum:

*Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting sbr. töflu II.*

*Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.*

*Á hættusvæðum C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirki yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eð fjölgun starfsmanna.*

Á svæðum þar sem öryggi fólks gagnvart ofanflóðum er bætt með varnarvirkjum samkvæmt endurskoðuðu hættumati er heimilt að þétta byggð og endurnýja mannvirki, sbr. 19. gr. Þrátt fyrir að varnir séu hannaðar og reistar með það í huga að öryggi fólks neðan þeirra sé ásættanlegt ber sveitarstjórn að leitast við að stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu.

### 2.3.5 Viðmiðunarreglur um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó

Viðmiðun fyrir landhæð á lágsvæðum tekur mið af stjarnfræðilegum sjávarföllum, áhlaðanda vegna loftþrýstings, vinds og öldu, ásamt afstöðubreytingum lands og sjávar vegna lóðréttra skorpuhreyfinga og hækkandi sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar. Skv. upplýsingum frá Vegagerðinni eru viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó á Seyðisfirði í þremur hæðarkerfum;

- Hafnarkerfi +3,85 m
- Bæjarkerfi +3,52 m
- ISH2004 +3,20 m




Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar miðast við sjávarflóð, ekki er tekið tillit til flóða frá landi vegna úrkomu.


## 2.4 Hættumat

Sökum þess hve fjörðurinn er umkringdur háum fjöllum og undirlendi mjög lítið skapast stundum snjóflóðahætta á veturnum þar sem þéttbýlið stendur. Einnig hafa mikil aurflóð fallið á Seyðisfirði í gegnum tíðina og valdið tjóni og mannskaða.

Hættumat vegna ofanflóða á Seyðisfirði var unnið af Veðurstofu Íslands árið 2002. Hættumatið var síðan endurskoðað af Veðurstofu Íslands árið 2019 en þó bara fyrir norðurhluta Seyðisfjarðar eftir byggingu varnargarða á Brún í Bjólfi og snertir því ekki umrætt skipulagssvæði, sjá mynd 5.



Mynd 5. Hættumatslínur úr endurskoðuðu hættumati árið 2019.



Mynd 6. Hættumatslínur úr endurskoðuðu hættumati frá 2021.

Í kjölfar skriðufalla í desember 2020 var farið í að endurskoða skriðuhættumat fyrir sunnanverðan Seyðisfjörð. Endurskoðun á hættumati fyrir svæðið frá Búðará að Skuldalæk lá svo fyrir í mars 2021, sjá mynd 6. Fyrir liggur svo að endurskoða hættumatslínur við Búðará þegar öll varnarmannvirki eru búnar í uppbyggingu.

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð verður breyting á uppdrætti og greinargerð þar sem gerð verður grein fyrir fyrirhuguðum hafnar-mannvirkjum.


Helstu breytingar sem fyrirsjáanlegt er að þurfi að gera eru:

- Stækkun á hafnarsvæði og nýr viðlegukantur.
- Ný staðsetning smábátahafnar.
- Iðnaðarsvæði skilgreint utan um lóð skólphreinsistöðvar.

Á uppdrætti og greinargerð verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum hafnarmannvirkjum og starfsemi hafnarsvæðis.

## BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður gerð breyting á gildandi deiliskipulagi hafnarsvæðis – Fjarðarhöfn, Pálshúsreitur og Aldan samþykkt 16.03.2016 m.s.br. Breytingin felur í sér að fella út svæðið sem rauði ramminn nr. 2 á mynd 7 sýnir, en þar er gert ráð fyrir lóð fyrir skólphreinsistöð (D), óbyggðu geymslusvæði fyrir hafnarstarfsemi (C) og árfarveg Búðarár. Einnig eru kvaðir á svæðinu vegna fráveitu. Breyting felur einnig í sér að á svæði nr. 1 sem mynd 7 sýnir, sé gert ráð fyrir uppbyggingu safnasvæðis fyrir Tæknimínjasafn Austurlands.



Mynd 7. Núgildandi deiliskipulag hafnarsvæðis - Fjarðarhöfn, Pálshúsreitur og Aldan. Rauðu rammarnir sýna þá hluta svæðis sem breytingin nær til.

## NÝTT DEILISKIPULAG

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnið nýtt deiliskipulag sem mun samræmast áætlaðri breytingu aðalskipulags. Gerð verður grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið á grundvelli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Stækkun Seyðisfjarðarhafnar felur í sér lengingu á hafnarkanti við Strandarbakka með stálþili þar sem áformað er að hafa viðlegukant. Við gerð nýja viðlegukantsins myndast töluvert svæði sem þarfnast landfyllingar. Dýpka þarf úti fyrir viðlegukantinn og möguleiki er á því að dýpkunarefnið verði nýtt til landfyllingar og að auki verður umfram efni úr Fjarðarheiðagöngum einnig nýtt til landfyllingar. Við frekari þörf á efni til landfyllingar verður efni tekið úr Skaganámu (E11). Fylla þarf upp í núverandi smábátahöfn en ný smábátahöfn verður norðar og þar verður viðlegupláss fyrir hefðbundna strandveiðibáta, skútur og stærri skemmtibáta.

Helstu viðfangsefni og áherslur:

- Skilgreina lóðir meðal annars fyrir hafnsækna starfsemi og skólphreinsistöð.
- Bæta hafnaraðstöðu á Seyðisfirði með tilliti til náttúruvár á svæðinu.
- Skilgreina helstu umferðarleiðir.
- Skapa umgjörð sem dregur til sín starfsemi með því að skapa góð skilyrði fyrir smábátahöfn, fiskihöfn og vinnslu.
- Staðsetja árfarveg Búðarár með tilliti til varnarmannvirkja.

## MATSLÝSING

Skipulagsáætlun þessi felur í sér framkvæmd sem er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. tl. 10.10 í 1. Viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, þar sem um er að ræða hafnarframkvæmdir sem falla ekki undir lið 10.09.

### 6.1 Umhverfisþættir og viðmið

Við breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem eru í töflu 1 hér að neðan. Þetta eru þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum vegna stækkunar hafnarsvæðis með landfyllingu, viðlegukants, dýpkunar og gerð sjóvarna. Umhverfisþættirnir verða metnir í samræmi við stefnu ríkis og sveitarfélags.

Tafla 1. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag. Jarðmyndanir. Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi. Búsvæði dýra.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði. Öryggi.</i>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Samfélag</b> <i>Þjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Útivistarmöguleikar.</i>	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Fornminjar.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?	Stefna í aðalskipulagi.

## 6.2 Valkostir

Við undirbúning skipulagsvinnunnar voru skoðaðir nokkrir valkostir um útfærslu vegna stækkunar hafnarkants og má skipta þeim í eftirfarandi kosti:

1. Valkostur I – Landfylling á 19.500 m<sup>2</sup> svæði og 200 m langur stálþilskantur.
2. Valkostur II – Landfylling á 25.000 m<sup>2</sup> svæði og 280 m langur stálþilskantur.
3. Valkostur II / Núllkostur – óbreytt skipulag og engin stækkun á hafnarsvæði.

## KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulags- og matslýsing verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins [www.mulathing.is](http://www.mulathing.is) og send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess verður lýsing send til umsagnaraðila.

Múlaping vill hvetja íbúa og aðra hagsmunaraðila að koma með ábendingar og senda þær á [skipulagsfulltrui@mulathing.is](mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) á fyrstu stigum skipulagsvinnunnar. Ábendingar verða hafðar til hliðsjónar við gerð tillögu en verður ekki svarað með formlegum hætti.

### 7.1 Drög að skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar. Gert er ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi verði unnin og auglýst samhliða. Breyting og kynning á aðalskipulagi er unnin skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting á deiliskipulagi er unnin skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerð og kynning nýs deiliskipulags er unnin skv. 40. - 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Desember 2022/janúar 2023 Skipulagslýsingin tekin fyrir í umhverfis- og framkvæmdaráði og sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi á opnu húsi/heimasíðu

	sveitarfélagsins og verður gefinn tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Febrúar/mars 2023	Vinnslutillaga að breyttu aðalskipulagi, nýtt deiliskipulag og breyting á deiliskipulagi verður samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði og kynnt almenningi t.d. á opnu húsi/heimasíðu sveitarfélagsins. Tillögur lagðar fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
Apríl/maí 2023	Tillaga að breyttu aðalskipulagi, nýtt deiliskipulag og breyting á deiliskipulagi verður tekin fyrir í umhverfis- og framkvæmdaráði og sveitarstjórn þar sem fjallað er um fram komnar ábendingar og endanlegar tillögur samþykktar til auglýsingar. Aðalskipulagstillaga send til Skipulagsstofnunar til samþykktar fyrir auglýsingu. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Júlí/ágúst 2023	Tillaga að breyttu aðalskipulagi, nýtt deiliskipulagi og breyting á deiliskipulagi afgreidd í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu heimastjórnar Seyðisfjarðar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til. Endanlegar tillögur sendar Skipulagsstofnun skv. skipulagslögum.
September/október 2023	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar, nýtt deiliskipulag og breyting á deiliskipulagi auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

## 7.2 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa skipulagslýsingu, og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- HEF veitur
- Viðeigandi nefndir innan stjórnsýslu Múlaþings
- Aðliggjandi sveitarfélög